

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

15. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar.

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 8. júlí 2010 að félagsheimilinu Skildi í Helgafellssveit og hófst kl. 21:00.

Mættir voru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Benedikt Benediktsson, Saurum.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Pröstur Aðalbjarnarson, Stakkhamri.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi, sem einnig ritaði fundargerð.

Fundurinn var sá fyrsti að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Halldór Jónsson var kosinn formaður nefndarinnar.

Jökull Helgason var kosinn ritari nefndarinnar.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi dags. 07.07.2010 frá Gunnari Þór Kjartanssyni.
Sótt er um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi ásamt bílgeymslu á lóðinni Birkilundi nr. 49 í landi Saura í Helgafellssveit.
Burðarvirki er timburgrind reist á steiptan sökkul og plötu.
Húsið verður klætt að utan með loftaðri utanhússklæðningu.
Bílgeymsla er 80 m², vegghæð 3,13 m, mænishæð 4,75 m. Þakhalli 22 gráður.
Íbúðarhús er 104,8 m², þakhalli 19 gráður.
Með erindinu fylgdi afstöðumynd, grunnmynd, útlit, snið og skráningartafla.
Samþykkt.
2. Erindi dags. 03.07.2010 frá Sigurlín Gunnarsdóttur, Þingvöllum, Helgafellssveit.
Sótt er um leyfi fyrir niðurrifi á eftirtöldum matshlutum:
10-0101, vélageymsla, 31,8 m², byggt 1968.
12-0101, votheysturn, 12,6 m², byggt 1967.
14-0101, blásarahús/súgþurrkun, 13,8 m², byggt 1965.
Samþykkt.
3. Erindi frá Gunnari Ægi Gunnarssyni, Skúlagötu 7, Stykkishólmi.
Sótt er um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á lóðinni Birkilundi nr. 8 í landi Saura í Helgafellssveit.
Samþykkt með fyrirvara um leiðréttar teikningar m.t.t. brunavarna og réttis lóðarheitis á teikningu.
4. Erindi frá Hauki Randverssyni kt. 26.07.66-4659 og Petrínu Sæunni Randversdóttur kt. 01.04.71-5249.
Sótt er um byggingarleyfi fyrir þakkvisti á húsið að Birkilundi nr. 8a í landi Saura í Helgafellssveit.
Samþykkt.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

5. Erindi dags. 11.05.2010 frá Jóhannesi Eyberg Ragnarssyni, Hraunhálsi, Helgafellssveit.
Sótt er um stöðuleyfi fyrir tvo geymslugáma, 40 fet og 20 fet, að Hraunhálsi í Helgafellssveit.
Jóhannes Eyberg Ragnarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.
Samþykkt.
6. Erindi dags. 31.05.2010 frá Jörundi Svavarssyni, Hrísakoti, Helgafellssveit.
Sótt er um leyfi fyrir niðurrifi á íbúðarhúsinu að Völlum.
Matshluti 01-0101, stærð 124,3 m², byggt 1973.
Samþykkt.
7. Erindi dags. 13. júní 2010 frá Snorra Jóhannssyni kt. 22.07.44-2219, Litlubæjarvör 16, 225 Álftanesi f.h. Bassa ferðapjónustu slf.
Sótt er um stöðuleyfi fyrir salernishúsi sem nota á undir ferðapjónustu að Skildi.
Stærð hússins er 1,7 x 3,7 m eða 6,3 m². Hæð 2,5 m.
Staðsetning er skv. „B“ á afstöðumynd.
Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi til eins árs með þeim fyrirvara að skilað verði inn teikningum og samþykki meðeiganda.
8. Erindi dags. 4. júlí 2010 frá Snorra Jóhannssyni kt. 22.07.44-2219, Litlubæjarvör 16, 225 Álftanesi f.h. Bassa ferðapjónustu slf.
Sótt er um stöðuleyfi fyrir 4 gámahús á lóðinni Léttuhlíð nr. 1 í landi Gríshóls.
Samþykkt að veita tímabundið stöðuleyfi til eins árs. Leyfið er veitt með þeim áskilnaði að verið sé að brúa tímabundið bil hjá umsækjanda.
9. Erindi dags. júní 2010 frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar, Dalvegi 18, 201 Kópavogi f.h. Miðhrauns 2 í Eyja- og Miklaholtshreppi.
Sótt er um byggingarleyfi fyrir kæligeymslu að Miðhrauni 2.
Burðarvirki eru steptir veggir á steptum sökkli og gólfplötu.
Húsið er klætt að utan með loftaðri aluzink utanhússklæðningu.
Þak eru kraftsperrur klæddar að utan með loftaðri aluzink málmklæðningu.
Vegghæð 4,96 m, mænishæð 5,98 m. Stærð 192,8 m².
Með erindinu fylgdi afstöðumynd, grunnmynd, útlit og snið.
Skráningartöflu vantar á tölvutæku formi.
Samþykkt.
10. Erindi frá Hafsteini Jónssyni, Miðholti, Eyja- og Miklaholtshreppi.
Sótt er um byggingarleyfi fyrir 25,9 m² smáhýsi nr. 8 skv. deiliskipulagi Kolviðarness 2. Burðarvirki er timburgrind reist á steptar súlur.
Húsið verður klætt að utan með loftaðri timburklæðningu. Þak verður klætt með bástáli. Vegghæð 2,69 m, mænishæð 3,29 m.
Samþykkt með fyrirvara um leiðréttar teikningar.
11. Önnur mál.
Ekkert tekið fyrir undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundu slitið kl. 23:15.